

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá nr. 96/2003
Styrktarsjóður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum
tungumálum við Háskóla Íslands.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

4.gr.orðist svo:

Stjórn SVF skipar fimm manna stjórn og tvo til vara, til tveggja ára í senn. Skulu stjórnarmenn ekki eiga hagsmuna að gæta varðandi úthlutanir og styrkveitingar sjóðsins. Sjóðsstjórn kýs formann úr sínum hópi og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

8.gr.orðist svo:

Um starfsemi sjóðsins fer eftir því sem segir í lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.
Skipulagsskrá þessari má breyta með samþykki fjögurra stjórnarmanna. Sama gildir ef sjóðurinn er lagður niður og ganga þá eignir hans til Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum sem ráðstafar þeim í samræmi við þann tilgang sem lýst er í 2 gr.
Staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra skal leita á skipulagsskrá þessari og breytingum sem kunna að vera gerðar á henni.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir, Styrktarsjóð Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum við Háskóla Íslands staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 14. desember 2016.

Björn Hrafnkelsson, for.



Andri Mingsri m.d.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá nr. 96/2003 fyrir Styrktarsjóð Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum við Háskóla Íslands.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

4. gr. skipulagsskrárinnar orðist svo:

Stjórn SVF skipar fimm manna stjórn og tvo til vara, til tveggja ára í senn. Skulu stjórnarmenn ekki eiga hagsmuna að gæta varðandi úthlutanir og styrkveitingar sjóðsins. Sjóðstjórn kýs formann úr sínum hópi og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

8. gr. skipulagsskrárinnar orðist svo:

Um starfsemi sjóðsins fer eftir því sem segir í lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Skipulagsskrá þessari má breyta með samþykki fjögurra stjórnarmanna. Sama gildir ef sjóðurinn er lagður niður og ganga þá eignir hans til Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum sem ráðstafar þeim í samræmi við þann tilgang sem lýst er í 2. gr.

Staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra skal leita á skipulagsskrá þessari og breytingum sem kunna að verða gerðar á henni.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum við Háskóla Íslands staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 14. desember 2016,

Björn Hrafnkelsson.

Auður Steingrimsdóttir.